



Jökularannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 57

Júní 1996

SKOÐUNARFERÐ AÐ MÝRDALSJÖKLI

Jökularannsóknafélag Íslands efnir til skoðunarferðar umhverfis Mýrdalsjökul helgina 6. og 7. júlí 1996. Farið verður af stað kl. 8 á laugarmorgun 6. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar. Gist verður í Hólaskjóli. Ferðar- og gistikostnaður er 3.700 kr. fyrir þá sem gista í skála, en 3.100 kr. fyrir tjaldfólk. Nesti þurfa menn að hafa með sér svo og svefnpoka og auk þess tjald þeir sem ekki gista í skála. Eldunaraðstaða er í skálunum. Þátttaka tilkynnist Einari Gunnlaugssyni (síma v.560-0112/h.567-1531) eða Oddi Sigurðssyni (síma v.569-6036/h.557-6286) í síðasta lagi miðvikudaginn 3. júlí 1996.

HELGARFERÐ UMHVERFIS MÝRDALSJÖKUL

Í framhaldi af tveim fræðslufundum í vetur, sem tengjast Kötlu, efnir Jökларannsóknafélag Íslands til skoðunarferðar umhverfis Mýrdalsjökul helgina 6. og 7. júlí 1996. Lagt verður af stað snemma á laugarmorgun 6. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og ekið austur um Mýrdal upp í Skaftártungu. Við Sólheimajökul verður sérstaklega hugað að ummerkjum stórgoss, sem varð í Kötlu fyrir um 12.000 árum, en það er talið eitt mesta gos, sem orðið hefur við Norður-Atlantshaf síðastliðin 100.000 ár. Einnig verða verksummerki síðasta Kötluhlaups á Mýrdalssandi skoðuð undir leiðsögn Hauks Tómassonar jarðfræðings. Meðal annars verður farið upp á Hjörleifshöfða þaðan sem svið Kötluhlaupa sést hvað best.

Eftir gistingu í Hólaskjóli verður farið á sunnudeginum um Mæli-fellssand, niður Emstrur að Markarfljótsbrú. Litið verður ofan í Markarfljótsgljúfur, sem eru e.t.v dýpstu gljúfur landsins. Þaðan liggur leiðin um Einhymingsflatir og Tröllagjá niður í Fljótshlíð. Komið verður til Reykjavíkur aftur kl. 19 á sunnudegi.

Gistipláss er fyrir 20 í skála í Hólaskjóli, en þar er ágætt tjaldstæði fyrir þá sem það kjósa. Nesti þurfa menn að hafa með sér svo og svefnpoka. Hægt er að elda í skálunum. Ekki verður ofbrýnt fyrir fólki að búa sig vel til ferða og munið eftir stúgvélum og hlífðarfatnaði. Fararstjóri verður undirritaður.

Oddur Sigurðsson